

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Skógarbraut 945  
235 Keflavíkurflugvöllur

Reykjavík 10. janúar 2019  
UST201811-054/K.S.J.  
10.04.01

### **Efni: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 - 2024 - breytingar**

Vísað er til erindis Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja er barst 6. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að breytingum á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024.

Í erindi kemur fram að áætlaðar breytingar felast í breytri afmörkun á vatnsverndarsvæði í Reykjanesbæ, uppfærðu flugbrautarkerfi Keflavíkurflugvallar og uppfærðu vatnsverndarkorti fyrir Suðurnesin.

#### **Vatnsverndarsvæði**

Í drögum kemur fram að núverandi vatnsból Reykjanesbæjar eru við Hafnir og í Lágum Einnig kemur fram að forsenda breytinga á vatnsverndarsvæði sunnan Fitja er að ÍSOR gerði úttekt 2016 og niðurstaða var að óhætt væri að breyta afmörkun á svæðinu sunnan Fitja. Á svæðinu var áður skilgreint fjarsvæði, en svæðið er ekki á vatnasvæði núverandi eða tilvonandi vatnsbóla ofan Voga.

Reykjanesbær hefur áætlað að svæðið fyrir sunnan Fitja verði fyrir þrifalega starfsemi s.s. netþjónabú og gagnaver. Á svæðinu eru vistgerðirnar hraungambravist, eyðimelavist og svo eru þar manngerð svæði.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna enda er norðurhorn fjarsvæðisins ekki á vatnasviði núverandi vatnsbóla.

#### **Breyting á flugbrautarkerfi Keflavíkurflugvallar**

Í breytingartillögu kemur fram að verið er að breyta flugbrautarkerfi Keflavíkurflugvallar til samræmis við staðfest aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og að við það hliðrast hindrunarfletir vegna flugumferðar um brautina.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að tilfærsla á NV/SA braut lendir hluti íbúðabyggðar á Ásbrú innan 55 dB(A) hljóðínu og við jaðar athafnasvæðis á Ásbrú norður mælist hávaði á bilinu 55 dB(A) – 60 dB(A). Umhverfisstofnun bendir á að í íbúðarhúsnæði þarf að gera ráðstafanir við slíkar aðstæður til að bæta hljóðvistinnan dyra. Einnig kemur fram í umhverfisskýrslu að þéttbýlið í Garði lendi innan áhrifasvæðis nýrrar N/S flugbrautar og að þar megi ætla að íbúar verði fyrir óþægindum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á úrbætum vegna hljóðvistar í hýbýlum ef með þarf.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur